



STÆKKUN BÚÐANÁMU

Matsskyldufyrirspurn

27.01.2025



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

103161-SKY-001-V03

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01/27

VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUÐA

Einar Már Magnússon

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Snævarr Örn Georgsson

LYKILORD

Tilkynning, matsskylda, mat á umhverfisáhrifum, Búðafoss, efnistaka

STAÐA SKÝRSLU

- ☐ Drög
- ☐ Drög til yfirlstrar
- ☒ Lokið

DREIFING

- ☒ Opin
- ☐ Dreifing með leyfi verkkaupa
- ☐ Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Stækkun Búðanámu - Matsskyldufyrirspurn

VERKHEITI

Stækkun Búðanámu

VERKKAUÐI

Vegagerðin

HÖFUNDUR

Tryggvi Þór Logason

ÚTDRÁTTUR

Fyrirhuguð er stækkun á Búðanámu í 4,5 ha svæði en náman er í dag skráð 1 ha skv. aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Efnistaka á allt að 50.000 m³ er leyfð og fyrirhugað er að efnismagn aukist um 10.000 m³ í 60.000 m³ heildarmagn. Náman er í landi Minna-Hofs en fyrirhugað er að nýta efni úr námunni við vegagerð á Búðafossveg.

Efnistakan er stærri en 2,5 ha og heildar efnistaka er umfram 50.000 m³ er því tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu skv. tl. 2.02 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og áætlana nr. 111/2021.

Framkvæmdaraðilar óska hér með eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um það hvort framkvæmdin sé matsskyld.

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Tryggvi Þór Logason	25.9.24	Snævarr Örn Georgsson	9.10.24	Tryggvi Þór Logason	17.10.24
02	Tryggvi Þór Logason	1.12.24	Sigurður Óli Guðmundsson	10.12.24	Tryggvi Þór Logason	16.12.2024
03	Tryggvi Þór Logason	24.1.25	Einar Már Magnússon	24.1.25	Tryggvi Þór Logason	27.1.2025

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	7
1.1	Staðsetning og staðhættir	7
1.1.1	Veðurfar	9
1.2	Helstu upplýsingar um framkvæmd	10
1.3	Framkvæmdaraðili, tilgangur og markmið	10
1.4	Helstu framkvæmdarþættir	10
1.5	Tæki og aðstaða	10
1.6	Skipulag	11
1.7	Leyfisveitingar	12
2	HELSTU UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDARINNAR	13
2.1	Matskylda framkvæmdar	13
2.2	Umhverfispættir	15
2.3	Jarðmyndanir	15
2.3.1	Niðurstaða	18
2.4	Vistgerðir	18
2.4.1	Niðurstaða	21
2.5	Fuglalíf	21
2.5.1	Niðurstaða	22
2.6	Landslag og ásjúnd	22
2.6.1	Niðurstaða	23
2.7	Fornminjar	23
2.7.1	Niðurstaða	24
2.8	Umferð	25
2.8.1	Niðurstaða	25
3	SAMANTEKT	26
4	HEIMILDARSKRÁ	27

MYNDASKRÁ

MYND 1.1	Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu og afmörkun Búðanámu og myndatökustaði til að meta ásýndaráhrif námunnar. Kort: EFLA	8
MYND 1.2	Skjáskot frá vindatlas Veðurstofu Íslands sem sýnir ríkjandi vindátt á svæðinu.	9
MYND 1.3	Hluti af aðalskipulagsupprætti Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Búðanáma er merkt með rauðum punkti númer E13.	12
MYND 2.1	Útbreiðsla Þjósárhrauns. Framkvæmdasvæðið er gróflega merkt með svartri ör. Mynd tekin af Vísindavefnum [4].	16
MYND 2.2	Fyrirhuguð afmörkun, þykkt yfirborðs eykst til suðurs. Hraunhryggur merktur með fjólublárrí afmörkun. Græn lína merki fyrirhugaða staðsetningu námuvegjar.	17
MYND 2.3	Bláar línur sýna hvernig fyrirhuguð er að girða af námusvæði og námuveg. Mynd: skjáskot úr teiknisetti útboðsgagna Búðafossvegjar	18
MYND 2.4	Gróðurþekja á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði og nágrenni. Rauðar útlínur afmarka námuna gróflega. Skjáskot af map.is.	19
MYND 2.5	Vistgerðir í og umhverfis Búðanámu, skv. vistgerðarþekju Náttúrufræðistofnunar Íslands. Kort: EFLA	20
MYND 2.6	Horft í átt að fyrirhuguðu efnistökusvæði frá brú yfir Kálfá. Hæðótt landslagið kemur til með að skyggja alfarið á framkvæmdina. Mynd: Google Maps, ágúst 2024.	22
MYND 2.7	Horft í átt að fyrirhuguðu efnistökusvæði frá Þjósárdalsvegi. Hæðótt landslagið kemur til með að skyggja alfarið á framkvæmdina. Mynd: Google Maps, ágúst 2024.	23
MYND 2.8	Skjáskot af úr minjavefsjá Minjastofnunar Íslands.	24

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 1.1	Lýsing og skilmálar landnotkunar námunnar og umhverfis hana samkvæmt aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 [1].	11
TAFLA 2.1	Skilgreiningar á einkennum umhverfisáhrifa.	13
TAFLA 2.2	Hugtök yfir vægi áhrifa sem stuðst er við þegar mat er lagt á umhverfisáhrif framkvæmda.	14
TAFLA 3.1	Niðurstöður framkvæmdaraðila	26

1 INNGANGUR

Vegagerðin hugar að stækkun á Búðanámu vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Búðafossvegi. Vegurinn verður lagður suður frá þéttbýli í Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahrepp og frá Þjórsárdalsvegi yfir á Landveg í Rangárþingi ytra og þar með tryggja greiðari samgöngur milli sveitarfélaganna. Vegurinn er einnig hluti af uppbyggingu í tengslum við Hvammsvirkjun sem Landsvirkjun hyggst reisa. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er stærð Búðanámu 1 ha og heimiluð efnistaka 50.000 m³. Fyrirhugað er að stækka námuna í 4,5 ha og auka efnistöku um 10.000 m³ upp í 60.000 m³ heildarefnistöku. Nauðsynlegt þykir að stækka námusvæðið þar sem grunnvatn stendur hátt á svæðinu og því ekki hægt að vinna efni jafn djúpt og áætlað var.

Fyrirhuguð stækkun á Búðanámu er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar samkvæmt lið 2.02 í viðauka 1 í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Óskar Vegagerðin hér með eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um það hvort lýst framkvæmd sé matsskyld skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr.111/2021.

1.1 Staðsetning og staðhættir

Búðanáma er í landi Minna-Hofs og er staðsett í hraunkantinum norður af Búðafossi í Þjórsá. Náman er óunnin en kemur til með að opnast til austurs. Jökulgarðar Búðaraðarinnar liggja í um 200 m fjarlægð vestan við svæðið. Náman verður unnin rétt austan við hraungarð sem liggur hvað hæst í landi á þessu svæði í þeim tilgangi að hraungarðurinn skermi af sýnileika ofan í námuna.

Efni verður aðallega notað í vegagerð norðan við Þjórsá þar sem ekki er talið hagkvæmt að flytja þangað efni úr námum sem staðsettar eru lengra frá framkvæmdasvæði vegarins.

Samkvæmt kortlagningu Náttúrufræðistofnunar á náttúrufyrirbærum sem njóta sérstakrar verndar þá er náman staðsett á Þjórsárhrauni sem er nútímahraun sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Þjórsárhraun þekur stóran hluta Suðurundirlendisins og er stærsta hraun á Íslandi að flatarmáli og rúmmáli.




MYND 1.1 Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu og afmörkun Búðanámu og myndatökustaði til að meta áskýndaráhrif námunnar. Kort: EFLA

1.1.1 Veðurfar

Fyrir um áratug gaf Veðurstofan út svokallaðan Vindatlas sem reiknaður var í tengslum við rannsóknarverkefnið ICEWIND en hann er ætlaður til að kortleggja vindauðlindina á Íslandi m.t.t. orkunýtingar. Vindatlasinn byggir á útreikningum með veðurlíkani fyrir tímabilið 1995-2008 í 3 km nafnupplausn og 3 klst. gildum [1]

Ríkjandi vindátt á námusvæðinu, m.v. vind í 10 m hæð og hrýfi 0,03 m, er norðaustlæg átt (sjá Mynd 1.2). Vestan og norðvestan við námusvæðið í um 1-2 km fjarlægð eru lögbýli þar sem búið er. Þá er Árnes í tæplega 3 km fjarlægð frá námusvæðinu til norðausturs.

Efni verður flutt jafnóðum úr námunni á notkunarstað. Þar verður gengið frá efninu með þjöppun og því minni hætta á foki. Lítið pláss er fyrir haugsetningu í námunni og því ekki gert ráð fyrir slíku nema þá í mjög litlu magni. Þó verður óhjákvæmilega eitthvað fok af yfirborðslagi sem verður rutt af efnistökusvæðinu á meðan efnistaka á sér stað og þá má helst gera ráð fyrir foki til suðvesturs frá námunni.



MYND 1.2 Skjáskot frá vindatlas Veðurstofu Íslands sem sýnir ríkjandi vindátt á svæðinu.

1.2 Helstu upplýsingar um framkvæmd

Fyrirhuguð er stækkun á efnistökusvæði Búðanámu úr 1 ha í 4,5 ha þar sem ekki verður hægt að vinna efni jafn djúpt og áætlað var. Efni úr námunni verður nýtt til vegagerðar í tengslum við gerð Búðafossvegar sem lagður verður frá Þjórsárdalsvegi, yfir nýja brú yfir Þjórsá og að Landvegi austan Þjórsár.

VERKÞÆTTIR	KENNISTÆRÐIR
Efnistaka í Búðanámu	
<i>Stærð efnistökusvæðis skv. aðalskipulagi</i>	1 ha
<i>Fyrirhuguð stærð á efnistökusvæði</i>	4,5 ha (3,5 ha stækkun)
<i>Heimild skv. gildandi aðalskipulagi</i>	50.000 m ³
<i>Fyrirhuguð viðbótarefnistaka</i>	10.000 m ³
<i>Fyrirhuguð heildar efnistaka</i>	60.000 m ³

1.3 Framkvæmdaraðili, tilgangur og markmið

Framkvæmdaraðili er Vegagerðin og tilgangur stækkunarinnar er að afla efni fyrir vegagerð. Stækkun á Búðanámu á að tryggja að hægt sé að sækja allt að 60.000 m³ af efni en ekki verður hægt að vinna efni jafn djúpt og áður var talið og því þörf á stækkuninni. Umhverfisáhrif þess að stækka námuna eru talin minni heldur en sótt verði minna magn af efni og að þörf verði að sækja viðbótarefni um lengri vegalengdir, sér í lagi þar sem nýting á efni úr námunni fer fram í næsta nágrenni vegna framkvæmda Búðafossvegar.

1.4 Helstu framkvæmdarþættir

Sú framkvæmd sem hér er til umfjöllunar felur í sér stækkun á afmörkun á Búðanámu svo hægt sé að vinna allt að 60.000 m³. Ljóst er að ef sækja þarf umrætt magn annarstaðar verður þörf á lengri flutningi efnis. Gera má ráð fyrir að efni yrði sótt úr frárennisskurði Hvammsvirkjunar ef ekki verður hægt að fá nægt efni úr Búðanámu. Framkvæmdaraðili metur þann valkost óhagkvæmari og telur hann hafa meiri umhverfisáhrif en stækkun á afmörkun og aukning á efnistöku í Búðanámu.

1.5 Tæki og aðstaða

Við verkið verða notaðar stórvirkar vinnuvélar og tæki, þ.e. gröfur, jarðýtur og námubílar. Meðferð olíu og spilliefna á svæðinu verður í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Í útboðslýsingu verksins er sett skilyrði um að verktaki sem sinni námuvinnslu sé með starfsleyfi vegna starfsemi með mengunarhættu.

Verði þörf á því að nota sprengiefni verður öll meðhöndlun og geymsla í samræmi við reglugerð um sprengiefni og forefni til sprengiefnagerðar 510/2018. Mengunarslys (olíu – spilliefni) eru skilgreind í útboðslýsingu verksins og þarf verktaka að sækja um starfsleyfi heilbrigðiseftirlits skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Gert er ráð fyrir að kaffiaðstaða, salernisaðstaða og geymsluskúrar verði innan vinnusvæðis Búðafossvegar- og brúar. Önnur aðstaða fyrir starfsmenn (vinnubúðir) verða utan vinnusvæðis Búðafossvegar.

1.6 Skipulag

Í gildandi aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 er svæðið skilgreint sem efnistökusvæði og landbúnaðarsvæði og náman skráð sem E13.

Um áherslur varðandi efnistöku- og efnislosunarsvæði:


- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Efnistaka fari ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruverndarsvæðum eða hverfisverndarsvæðum.
- Áhersla er á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang í verklok.

Eftirfarandi reglur gilda um efnistöku- og efnislosun:

- Við val á efnistökusvæði skal velja efni af þeirri gerð sem best hentar fyrirhuguðum framkvæmdum.
- Efnistaka og efnislosun sé að jafnaði ekki á verndarsvæðum. Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Einnig skal leitast við að haga mannvirkjum og framkvæmdum við ár og stöðuvötn þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins skv. 62. gr. laganna.
- Taka skal tillit til þekktra fornminja. Efnistaka fari ekki nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 100 m og ekki nær öðrum minjum en 20 m.
- Að landslagsheildin þoli efnistöku án þess að heildarsvipmót hennar raskist.
- Að kleift sé að ganga ásættanlega frá efnistökusvæði að efnistöku lokinni.

TAFLA 1.1 Lýsing og skilmálar landnotkunar námunnar og umhverfis hana samkvæmt aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 [1].

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ (HA)	MAGN (M3)
E13	Búðanáma	Efnistaka	1	50.000
Flokkur IV	Annað land	Ýmsar landgerðir þar sem ekki verður um samfellda jarðrækt að ræða m.a. vegna þess að jarðvegur er grunnur, hraun/grjót í eða við yfirborð eða hæð yfir sjó og/eða halli lands er of mikill. Einnig eru þetta aurasvæði jökulvatna og sandsvæði. Land í flokki IV er oft hentugt til beitar og þá nýtt til sumarbeitar eða heilsársbeitar þegar um láglendissvæði er að ræða. Einnig er oft um að ræða svæði sem eru lítt gróin eða ógróin. Land í flokki IV er yfirleitt æskilegt til landgræðslu og skógræktar m.a. með það að markmiði að bæta landgæði til ræktunar/nýtingar.	29.600	



MYND 1.3 Hluti af aðalskipulagsupprætti Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Búðanáma er merkt með rauðum punkti númer E13.

Lögð hefur verið fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 vegna fyrirhugaðrar stækkunar á Búðanámu. Á fundi Skipulagsnefndar UTU þann 15.1.2025 var mældi nefndin til þess að sveitarstjórna Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykki aðalskipulagsbreytingartilkynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

1.7 Leyfisveitingar

Starfsemin er háð eftirfarandi leyfum:

Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Starfsemin er háð framkvæmdarleyfi sveitarfélagsins skv. 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdarleyfi.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Starfsleyfi vegna starfseminnar skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir.

2 HELSTU UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDARINNAR

2.1 Matskylda framkvæmdar

Umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru metin samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrif framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samkvæmt tölulið 13.02 í 1. viðauka laganna, þá fellur þessi framkvæmd í flokk B og er því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Í tölulið 2.02 segir:

Efnistaka, utan þess sem tilgreint er í tölul. 2.01, þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m³ eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra.

Töflurnar hér að neðan gefa yfirlit yfir hugtök sem notuð eru við mat á einkennum og vægi umhverfisáhrifa:

TAFLA 2.1 Skilgreiningar á einkennum umhverfisáhrifa.

EINKENNI ÁHRIFA	SKÝRING
Bein áhrif	Bein áhrif sem gera má ráð fyrir að framkvæmd muni hafa á tiltekna umhverfisþætti.
Óbein áhrif	Áhrif á umhverfisþætti sem ekki eru bein afleiðing framkvæmdar. Áhrifin geta komið fram í tiltekinni fjarlægð í tíma og/eða rúmi og verið afleiðing samspils mismunandi þátta sem þó má rekja til framkvæmdarinnar. Óbeinum áhrifum er einnig hægt að lýsa sem afleiddum áhrifum.
Jákvæð áhrif	Áhrifa framkvæmdar sem talin eru til bóta fyrir umhverfið á beinan eða óbeinan hátt eða auka umfang núverandi áhrifa að því marki að þau séu talin verða til bóta.
Neikvæð áhrif	Áhrif framkvæmdar sem talin eru skerða eða rýra gildi tiltekins eða tiltekinna umhverfisþátta á beinan eða óbeinan hátt eða auka umfang núverandi áhrifa að því marki að þau valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu raski.
Varanleg áhrif	Áhrif sem talið er að framkvæmd muni hafa til frambúðar á tiltekna umhverfisþætti, þ.e. með tilliti til æviskeiðs núlifandi manna og komandi kynslóða.
Tímabundin áhrif	Áhrif sem talið er að framkvæmd muni hafa tímabundið á tiltekna umhverfisþætti, þ.e. í nokkrar vikur, mánuði eða ár.
Afturkræf áhrif	Áhrif framkvæmdar á tiltekna umhverfisþætti, sem líta má á að séu þess eðlis að áhrifanna hætti að gæta eftir tiltekinn tíma og að raunhæft sé eða unnt að gera ráð fyrir að hægt sé að færa í sama eða svipað horf og áður en kom til framkvæmda. Gera verður ráð fyrir að áhrifin séu afturkræf á a.m.k. tímaskala núlifandi manna en afturkræf áhrif geta einnig verið háð því að ummerki séu fjarlægð innan ákveðins tíma, t.d. ef um er að ræða áhrif á lífríki.
Óafturkræf áhrif	Áhrif sem í eðli sínu fela í sér að tilteknir umhverfisþættir verða fyrir varanlegri breytingu eða tjóni vegna framkvæmdar sem ekki er raunhæft eða unnt að afturkalla.
Samlegðaráhrif	Hér er hugtakið samlegðaráhrif bæði notað um svokölluð samvirk og sammögnuð áhrif, þ.e. um áhrif mismunandi þátta framkvæmdar sem hafa samanlagt tiltekin umhverfisáhrif eða sem jafnvel magnast upp yfir tiltekið tímabil. Þetta getur einnig varðað áhrif sem fleiri en ein framkvæmd hafa samanlagt eða sammagnað á tiltekinn umhverfisþátt eða tiltekið svæði.
Umtalsverð umhverfisáhrif	Veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum.

TAFLA 2.2 Hugtök yfir vægi áhrifa sem stuðst er við þegar mat er lagt á umhverfisáhrif framkvæmda.

VÆGI ÁHRIFA / VÆGISEINKUNN	SKÝRING
Veruleg jákvæð	- Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. - Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. - Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsverð jákvæð	- Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. - Áhrifin geta verið jákvæð fyrir svæðið og/eða geta verið jákvæð fyrir fjölda fólks. - Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf. - Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. - Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Nokkuð jákvæð	- Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, og svæðið er ekki talið vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. - Áhrifin geta verið jákvæð fyrir hluta svæðis og/eða fyrir takmarkaðan hóp fólks. - Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf. - Áhrifin eru að mestu stað-, og svæðisbundin. - Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óveruleg	- Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. - Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. - Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. - Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Nokkuð neikvæð	- Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, og svæðið er ekki talið vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. - Áhrifin geta verið neikvæð fyrir hluta svæðis og/eða fyrir takmarkaðan hóp fólks. - Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf. - Áhrifin eru að mestu stað-, og svæðisbundin. - Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsverð neikvæð	- Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. - Áhrifin geta verið neikvæð fyrir svæðið og/eða geta valdið fjölda fólks ónæði eða óþægindum. - Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf. - Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. - Áhrifin geta að einhverju leyti verið í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Veruleg neikvæð	- Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fjölda fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. - Áhrif eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin.

VÆGI ÁHRIFA / VÆGISEINKUNN	SKÝRING
	Áhrifin eru í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Engin áhrif	Engin áhrif af framkvæmd eða áætlun á umhverfispátt/-þætti.
Óvissa	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfispætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.


2.2 Umhverfispættir

Breytingin á afmörkum námunnar er talin hafa áhrif á eftirtalda umhverfispætti, bæði á framkvæmdartíma og rekstartíma, og verður fjallað um þau áhrif í þessari greinargerð:

- Jarðmyndanir
- Vistgerðir
- Fuglalíf
- Landslag og ásjúnd
- Fornminjar

2.3 Jarðmyndanir


Búðanáma er storkubergsnáma staðsett í landi Minni-Hofs í Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Efnistökusvæðið er á Þjórsárhrauni sem rann fyrir um 8.600 árum. Flatarmál hraunsins er um 970 km² og rúmmál þess 25 km³ sem gerir það víðáttumesta hraun á Íslandi. Hraunið kom upp í eldstöðvum milli Þórisvatns og Veiðivatna og rann til sjávar um 130 km leið þar sem Stokkseyri og Eyrarbakki eru í dag. Hraunið hefur gríðarlegt flatarmál og þekur stóran hluta Suðurlandsundirlendis. Stór hluti Þjórsárhrauns er í dag horfið undir yngri gosmyndanir og/eða gróðurhulu [2]. Hraunið er að meðaltali 26 m að þykkt [3].



MYND 2.1 Útbreiðsla Þjörnsárhrauns. Framkvæmdasvæðið er gróflega merkt með svartri ör. Mynd tekin af Vísindavefnum [4].

Við efnistöku í námunni verður jarðefni fjarlægt og flutt í burt til notkunar í framkvæmdir. Áhrif efnistökkunnar eru því bein og varanleg þar sem ekki er hægt að endurnýja jarðmyndanir. Námusvæðið er ekki friðlýst eða á náttúru-minjaskrá en nútímahraun ber sérstaka vernd skv. lögum um náttúruvernd 60/2013 og svæðið fellur undir þá vernd. Líkt og sjá má á Mynd 2.1 er hraunið mjög umfangsmikið og þekur stóran hluta Suðurlandsundirlendisins. Erfitt er að komast hjá því að raska Þjörnsárhrauni þegar um er að ræða framkvæmdir á Suðurlandi, en hraunið nær m.a. í þéttbýli á Selfossi, Eyrarbakka, Stokkseyri og víðar. Gert er ráð fyrir að náman stækki um allt að 3,5 ha. Fyrirhuguð stækkun nær því aðeins yfir agnarsmátt brot af yfirborði hraunsins og nær engin breyting verður á heildar rúmmáli hraunsins. Einungis verður rask á efsta lagi hraunsins, það er svo þykkt að yfirborð þess einfaldlega færirist neðar. Hraunið verður því áfram jafn stórt að flatarmáli að framkvæmdum loknum.

Efnistökusvæði má sjá á Mynd 2.2. Þykkt efnisvinnslulags er áætlað að meðaltali um 2 m að þykkt, en það fer eftir grunnvatnsaðstæðum. Gert er ráð fyrir að unnið verði frá suðurhluta efnistökusvæðis til norðurs. Mögulegt er að vinna kargalagið niður fyrir grunnvatnsborð á svæðinu með því að nýta efni sem ýtt er ofan af kargalaginu til þess að fylla upp fyrir grunnvatnsborð í botninum. Frágangur verður þannig að botn efnistökusvæðisins verður mótaður að þeim jarðvegi sem fellur til. Fláar verða mótaðir a.m.k. 1:3 og sáð verður rýrgresi í botninn. Þá kemur til greina að halda svarðalaginu til haga og nýta það í yfirborðsfrágang efnistökusvæðisins.




MYND 2.2 Fyrirhugað afmörkun, þykkt yfirborðs eykst til suðurs. Hraunhryggur merktur með fjólublárrí afmörkun. Græn lína merki fyrirhugaða staðsetningu námuvegjar.

Aðkoma að námunni verður í gegnum framkvæmdasvæði Búðafossvegjar sem fyrirhugað er rétt austan við námunar. Sjá má umfjöllun um Búðafossveg og breytt fyrirkomulag hans í erindi Vegagerðarinnar frá 2022, í fylgiskjali með þessari fyrirspurn. Þá má benda á að sérstaklega var ákveðið að hlífa hraunhryggnum (sjá Mynd 2.2) sem liggur vestan við fyrirhugað efnistökusvæði. Ekki verður farið á svæði utan efnistökusvæðis og aðkomu.

Vegsvæði Búðafossvegjar, námusvæðið og aðkomuvegur að því verður girt af og þar með verður akstur utan svæðis ómögulegur.

Gengið verður frá námusvæði í verklok í samráði við landeigendur auk þess sem aðkomuveginum að námunni verður lokað með hliði eða girðingu við Búðafossveg. Bráðabirgðagirðingar við námuna verða fjarlægðar í verklok.



MYND 2.3 Bláar línur sýna hvernig fyrirhugað er að girða af námusvæði og námuvog. Mynd: skjáskot úr teiknisetti útboðsgagna Búðafossvegur

2.3.1 Niðurstaða

Jarðmyndanir á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði munu verða fyrir beinu og varanlegu raski. Þegar horft er til víðfeðmi hraunsins og þeirrar staðreyndar að rask er aðeins brot af jarðmynduninni, þá er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á jarðmyndunina sé **óveruleg**.

2.4 Vistgerðir


Fyrirhugað efnistökusvæði er 4,5 ha að stærð og að öllu óraskað í dag. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem sjá má á Mynd 2.5, er svæðið að mestu þakið mosamóavist en einnig víðikjarrvist. Mosamóavist hefur lágt verndargildi en víðikjarrvist mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Vistgerðunum er lýst á eftirfarandi hátt:


Mosamóavist: „Þurrt, vel gróið, gamburmosaríkt mólendi, með strjálingsþekju af æðplöntum, einkum grasleitum tegundum, möðrum, krækilyngi og blóðbergi. Mosamóavist er algengust í hlíðum og brekkurótum en finnst einnig á flötu landi meðfram lækjum, ám og á grónum áreyrum.“

Víðikjarrvist: „Þurrt til deigt gróskumikið kjarrlendi á láglendi, í brekkurótum og hlíðum og á gróðursælum stöðum til fjalla, vaxið gulvíði, loðvíði, krækilyngi og fleiri mólendistegundum. Land er vel gróið, gróður fremur hávaxinn, æðplöntur eru ríkjandi, mosar allmiklir en fléttur fremur rýrar. Hvönn og annar hávaxinn blómgróður eins og blágresi og burnirót eru sums staðar áberandi.“

Mikilvægt er að benda á að upplausn vistgerðarkortsins er ekki nægilega há til þess að hægt sé að segja með fullri vissu hvaða vistgerðir liggi innan afmörkun námunnar. Sjá má á Mynd 2.4 að víðikjarrvist virðist ekki afgerandi á svæðinu sem ber þess frekar merki að vera hrjóstrugt frekar en gróskumikið. Framkvæmdaraðili hyggst reyna að halda efnisvinnslu innan svæðis þar sem vistgerðir bera lágt verndargildi og vernda víðikjarrvist fyrir raski eftir bestu getu ef vistgerðin er til staðar á svæðinu.



MYND 2.4 Gróðurþekja á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði og nágrenni. Rauðar útlínur afmarka námuna gróflega. Skjáskot af map.is.



Útskýringar

Búðanáma afmörkun	L10.9 Víðimóavist	L5.1 Hélumosavist	L8.14 Gulstararflóavist
Vistgerðir	L11 Birkiskógur	L5.2 Melagambrauvist	L8.2 Rekjuvist
F Fjöruvistir	L12.1 Mýrahveravist	L5.3 Hraungambrauvist	L8.3 Sandmýravist
FX1.1 Sjávarlón	L12.2 Móahveravist	L6.1 Eyðihraunavist	L8.4 Hrossanálarvist
L1.1 Eyðimelavist	L12.3 Fjallahveravist	L6.2 Fléttuhraunavist	L8.5 Runnamýravist á hálendi
L1.2 Grasmelavist	L12.4 Hveraleirsvist	L6.3 Mosahraunavist	L8.6 Runnamýravist á láglendi
L1.3 Mosamelavist	L13.1 Jöklar og urðarjökklar	L6.4 Lynghraunavist	L8.7 Rimamýravist
L1.4 Víðimelavist	L14.1 Þéttbýli og annað manngert land	L7.1 Sandstrandavist	L8.8 Rústamýravist
L1.5 Sanda- og vikravist	L14.2 Tún og akurlendi	L7.2 Malarstrandavist	L8.9 Starungsmýravist
L1.6 Landmelhólavist	L14.3 Skógrækt	L7.3 Strandmelhólavist	L9.1 Stinnastaravist
L10.1 Mosamóavist	L14.4 Alskálúpína	L7.4 Grashólavist	L9.2 Finnungsvist
L10.10 Víðikjarrvist	L14.5 Uppgræðslur	L7.5 Sjávarfitjungsvist	L9.3 Bugðupuntsvist
L10.2 Flagmóavist	L14.6 Skógarkerfill og fleiri áþekkar tegundir	L7.6 Gulstararfitjavist	L9.4 Snarrótarvist
L10.3 Starmóavist	L2.1 Moldavist	L7.7 Sjávarkletta- og eyjavist	L9.5 Grasengjavist
L10.4 Grasmóavist	L3.1 Urðarskriðuvist	L8.1 Dýjavist	L9.6 Língresis- og vingulsvist
L10.5 Fléttumóavist	L3.2 Grasvíðiskriðuvist	L8.10 Hengistararflóavist	L9.7 Blómgresisvist
L10.6 Fjalldrapamóavist	L3.3 Ljónslappaskriðuvist	L8.11 Brokflóavist	V1 Vötn
L10.7 Lyngmóavist á hálendi	L4.1 Eyjavist	L8.12 Starungsflóavist	V2 Ár
L10.8 Lyngmóavist á láglendi	L4.2 Auravist	L8.13 Tjarnastararflóavist	

MYND 2.5 Vistgerðir í og umhverfis Búðanámu, skv. vistgerðapekju Náttúrufræðistofnunar Íslands. Kort: EFLA

Framkvæmdaraðili kemur til með að haga frágangi á þann hátt að náman valdi ekki mikilli röskun á umhverfinu og falli vel að landinu að frágangi loknum. Efnistökusvæðið verður jafnað út á þann hátt að það viðhaldi nokkurn vegin náttúrulegum breytileika. Jaðrar verða fláaðir niður með 1:1 eða 1:2 halla. Jarðvegur sem er ofan á hrauninu verður nýttur til yfirbreiðslu að efnistöku lokinni. Námuþotn verður unninn þannig að hann verði sem líkastur aðliggjandi umhverfi. Frágangur námusvæðis verður unninn í samráði við landeigendur.

2.4.1 Niðurstaða

Vistgerðir á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði munu verða fyrir beinu og tímabundnu raski. Miðað við vistgerðakort NÍ, þá má finna vistgerðir innan framkvæmdarsvæðis með lágt verndargildi. Vistgerð með mjög hátt verndargildi er í næsta nágrenni við fyrirhugaða framkvæmd. Framkvæmdaraðili hyggst forðast rask á vistgerð með mjög hátt verndargildi. Mat framkvæmdaraðila er að áhrif framkvæmdar á vistgerðir verði **óveruleg**.

2.5 Fuglalíf

Allt Suðurlandsundirlendið eins og það leggur sig, frá sjó og upp að Gullfossi og Búrfellsvirkjun, og frá Þorlákshöfn austur að Eyjafjöllum, er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, alls 340.000 ha. Forsendur þeirrar skráningar er eftirfarandi:

„Suðurlandsundirlendi, frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði er afar gróskumikið og fjölbreytt, þrátt fyrir að mest öllu votlendi hafi verið spilt með framræslu (Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl. 1998). Á svæðinu er mikið fuglalíf (Einar Ó. Þorleifsson 1995, 1998), m.a. afar þétt varp ýmissa vaðfugla eins og spóa, jaðrakans, stelks og tjalds (Lilja Jóhannesdóttir o.fl. 2014). Farfuglar dvelja þar hópum saman vor og haust og eins er töluvert fuglalíf á vetrum við auðar ár og vötn og hin síðari ár á kornökrum. Suðurlandsundirlendið hefur alþjóðlega þýðingu sem varpland fyrir himbrima (11 óðul), álft (gróflega áætlað um 400 pör) og skúm (178 pör) og á fartíma fyrir álft (11.052 fuglar) heiðagæs (25.000 fuglar), blesgæs (6.158 fuglar) og grágæs (40.234 fuglar). Fjallað er sérstaklega um þrjú svæði á Suðurlandsundirlendi: Ölfusforir, Þingvallavatn–Sog og Laugarvatn–Apavatn–Brúará.“

Ekki er talið að fyrirhuguð efnistaka hafi nokkur áhrif á skráningu Suðurlandsundirlendisins sem mikilvægt fuglasvæði.

Helstu fuglategundir (e. key bird species) á Suðurlandsundirlendi eru: Lómur, himbrimi, flórgoði, álft, heiðagæs, blesgæs, grágæs, toppönd og skúmur. Allt eru þetta vatnafuglar og gæsir og álftir sem nýta sér jafnframt tún á fartíma í stórum hópum. Skúmurinn er undantekning, hann er sjófugl við suðurströndina. Ekkert af þessu á beint við um fyrirhugað efnistökusvæði Búðanámu, þar eru hvorki votlendi né tún heldur þurrt mólendi með fremur rýru fuglalífi. Efnistökusvæði er þó aðeins um 1 km frá tún- og akurlendi. Tegundir sem vænta má að finna á efnistökusvæðinu eða næsta nágrenni eru spói, heiðlóa, lóupræll, þúfutittlingur og hrossagaukur. Ekki er talið líklegt að framkvæmdin muni hafa teljandi áhrif á þessar tegundir. Einstaklingar sem verða fyrir áhrifum eru fáir og mikið er af sambærilegum búsvæðum allt í kring. Að efnistöku lokinni verður gengið frá efnistökusvæðinu og það grætt upp, sömu tegundir og eru á svæðinu í dag ættu því að endurheimta búsvæði sín.

2.5.1 Niðurstaða

Svæðið sem raskast er lítið hlutfall af heildarþúsvæði svæðisins, fuglalíf er fábreytt og fjöldi einstaklinga lítill. Áhrifin eru tímabundin á meðan efnistaka stendur yfir en að henni lokinni ættu tegundir svæðisins að geta snúið aftur á svæðið. Þær fuglategundir sem verða fyrir áhrifum eru allar mjög algengar um land allt. Þegar horft er til þessa atriða er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á fuglalíf verði **óveruleg**.

2.6 Landslag og ásjúnd

Samkvæmt kortlagningu landlagsgerða sem unnin var á landsvísu árið 2020 flokkast framkvæmdarsvæði undir landlagsgerð 5.1, Gróíð undirlendi. Svæðið er flokkað enn frekar sem svæði 7.5.6 sem lýsir svæðinu á eftirfarandi hátt:

„5.1.1 Uppsveitir Árnassýslu: Láglandi í um 50 til 200 m hæð yfir sjávarmáli. Land er fremur flatt með stökum móbergshryggjum og hæðum. Yfirborð er vel gróíð, aðallega ræktað land, votlendi og skóglendi. Stórar ár hlykkjast eftir landinu, Hvítá og Þjórsá, og nokkur smærri vötn eru innan svæðis. Svæðið er eitt mesta landbúnaðarsvæði landsins og hefur land víða verið framræst og afgangi. Byggð er þétt í dreifbýli, bæði sveitabær og sumarhúsabyggðir, auk smærri þéttbýlisstaða. Margir af vinsælustu ferðamannastöðum landsins eru innan svæðisins, t.d. Gullfoss og Geysir.“



MYND 2.6 Horft í átt að fyrirhuguðu efnistökusvæði frá brú yfir Kálfá. Hæðótt landslagið kemur til með að skyggja alfarið á framkvæmdina. Mynd: Google Maps, ágúst 2024.



MYND 2.7 Horft í átt að fyrirhuguðu efnistökusvæði frá Þjórsárdalsvegi. Hæðótt landslagið kemur til með að skyggja alfarið á framkvæmdina. Mynd: Google Maps, ágúst 2024.

Mynd 2.6 og Mynd 2.7 sýna landslagsásýnd frá Þjórsárdalsvegi, annars vegar á kafla vestan við gatnamót að Gnúpverjaveg og hins vegar skammt austar frá brú yfir Kálfá. Staðsetningar myndatökustaða má sjá á korti á Mynd 1.1. Þessar staðsetningar á Þjórsárdalsvegi eru hvað næst fyrirhuguðu framkvæmdasvæði þar sem tré eða mannvirki skerma ekki ásynd í átt að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Þó má sjá á myndunum að landslag er nokkuð hæðótt og því ólíklegt að náman verði sýnileg frá Þjórsárdalsvegi sem er í meira en 2 km fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Næstu lögbýli við námuna er Minna-Hof í 1,5 km fjarlægð til vesturs og síðan Stóra-Hof í 2 km fjarlægð til norðvesturs. Náman er staðsett í landi Minna-Hofs. Trjágróður sem er umhverfis lögbýlin kemur til með að skerma sýnileika til austurs í átt að námusvæðinu. Þar að auki verður hraungarði rétt austan við fyrirhugaða námu hlíft í þeim tilgangi að hann skermi af sýnileika í námuna að vestan. Sýnileiki frá lögbýlum verður því að öllum líkindum lítill sem enginn.

2.6.1 Niðurstaða

Náman kemur ekki til með að vera sýnileg frá Þjórsárdalsveg né öðrum alfaraleiðum sökum hæðóttts lands og þess að vinnslusvæðið verður niðurgrafið. Þegar litið er til þess að náman sé úr alfaraleið og að sýnileiki sé helst frá landeiganda þá er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á landslag og ásynd séu **óveruleg**.

2.7 Fornminjar

Fornleifastofnun Íslands vann að skráningu á friðlýstum minjastöðum á Suðurlandi árið 2015 [5]. Skammt vestan við námusvæðið í landi Minna-Hofs er Árnespingstaður þar sem eru friðlýstar minjar og samansafn af rústum sem taldar eru af þingbúðum Árnespings. Þar sést móta fyrir hátt í 30 búðum, en talið er að þær hafi verið fleiri og líklega einhverjar orðið uppblæstri að bráð eða sléttast út vegna áfoks [6]. Á Árneseyjunni sjálfri er einnig að finna hringlaga rúst sem túlkaðar voru sem dómhringur af Brynjúlfi Jónssyni, fyrsta könnuði rústanna, árið 1893. Staðsetning þingsins er umdeild og túlkun

dómhringsins hefur verið dregin í efa af fræðimönnum, m.a. af Ólafi Briem eftir rannsóknir árið 1943, og af Bjarna F. Einarssyni sem framkvæmdi rannsókn árið 2001 [7].

Tryggt verður að þær minjar raskist ekki við fyrirhugaðar framkvæmdir. Engar fornminjar er að finna innan fyrirhugaðs efnistökusvæðis.



MYND 2.8 Skjástot af úr minjavefsjá Minjastofnunar Íslands.

Rétt er að minna á ákvæði 24. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012, þess efnis að ef fornminjar finnast sem áður voru ókunnar, skuli skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar er 15 m skv. 22. gr. laganna. Ef fornminjarnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum og óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands. Framkvæmdaraðila er kunnugt um þetta ákvæði.

2.7.1 Niðurstaða

Engar þekktar fornminjar eru innan svæðis sem raskast og því er það mat framkvæmdaraðila er að áhrif framkvæmdar á fornminjar verði **engin**.

2.8 Umferð

Efni sem tekið verður úr námu verður nýtt til vegagerðar á nýjum Búðafossvegi sem lagður verður skammt frá námusvæðinu. Akstur að og frá námunni verður á lokuðu vinnusvæði og flutningsvegalengd með efni að meðaltali undir 1 km fyrir hverja ferð. Heildarvegalengd flutnings er því afar takmarkaður og lítil sem engin áhrif á umferð á núverandi vegum. Að efnisvinnslu lokinni verður lokað fyrir akstur frá námu með girðingarhliði.

Gera má ráð fyrir að mögulegt sé að flytja um 15-20 m³ af efni með hverri ferð úr námunni á framkvæmdasvæði. Það gera þá um 3.000-4.000 ferðir í heildina. Ef meðal akstur er undir 1 km fyrir hverja ferð má gera ráð fyrir að heildar aksturvegalengd sé að hámarki 3.000-4.000 km. Gera má ráð fyrir að farnar verði allt að 15-20 ferðir á dag. Þær ferðir munu þó ekki hafa áhrif á almenna umferð utan framkvæmdasvæðis námunnar eða Búðafossvegar.

Aðrar námur sem fýsilegt hefur verið að sækja efni í eru í töluvert meiri fjarlægð og framkvæmdaraðili metur svo að Búðafossnáma hafi minnstu mögulegu áhrif vegna umferðar.

2.8.1 Niðurstaða

Þrátt fyrir að fjöldi ferða sé töluverður þá er flutningsvegalengd óveruleg í samhengi við námuvinnslu almennt. Í ljósi þess að flutningur er allur innan vega sem eru tilkomnir vegna annarra framkvæmda og innan þess framkvæmdasvæðis er það mat framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdar á umferð verði **óveruleg**.

3 SAMANTEKT

tafla 3.1 sýnir samantekt á mati framkvæmdaraðila á áhrifum framkvæmdarinnar á þá umhverfisþætti sem voru til umfjöllunar í þessari matsskyldufyrirspurn.

TAFLA 3.1 Niðurstöður framkvæmdaraðila

UMHVERFISÞÁTTUR	NIÐURSTÖÐUR
Jarðmyndanir	Jarðmyndanir á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði munu verða fyrir beinu og varanlegu raski. Þegar horft er til víðfeðmi hraunsins og þeirrar staðreyndar að rask er aðeins brot af jarðmynduninni, þá er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á jarðmyndunina sé óveruleg .
Vistgerðir	Vistgerðir á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði munu verða fyrir beinu og raski. Miðað við vistgerðarkort NÍ, þá má finna vistgerð innan framkvæmdarsvæðis með lágt verndargildi og vistgerð með mjög hátt verndargildi. Frekari athugun á loftmyndum bendir til þess að víðikjarrvist, vistgerð með mjög hátt verndargildi, sé ekki jafn áberandi og vistgerðarkort NÍ gefur til kynna. Framkvæmdaraðili hyggst forðast rask á vistgerð með mjög hátt verndargildi. Mat framkvæmdaraðila er að áhrif framkvæmdar á vistgerðir verði óveruleg .
Fuglalíf	Svæðið sem raskast er lítið hlutfall af heildarbúsvæði svæðisins, fuglalíf er fábreytt og fjöldi einstaklinga lítill. Áhrifin eru tímabundin á meðan efnistaka stendur yfir en að henni lokinni ættu tegundir svæðisins að geta snúið aftur á svæðið. Þær fuglategundir sem verða fyrir áhrifum eru allar mjög algengar um land allt. Þegar horft er til þessa atriða er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á fuglalíf verði óveruleg .
Landslag og ásjúnd	Náman kemur ekki til með að vera sýnileg frá Þjórsárdalsveg né öðrum alfaraleiðum sökum hæðótts lands og þess að vinnslusvæðið verður niðurgrafið. Þegar litið er til þess að náman sé að úr alfaraleið og að sýnileiki sé helst frá landeiganda þá er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á landslag og ásjúnd séu óveruleg .
Fornminjar	Engar þekktar fornminjar eru innan svæðis sem raskast og því er það mat framkvæmdaraðila er að áhrif framkvæmdar á fornminjar verði engin .

4 HEIMILDARSKRÁ

- [1] Skeiða- og Gnúpverjahreppur, „Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029.,“ 2020.
- [2] L. Ásbjörnsdóttir, „Áhugaverðar jarðminjar á Þjórsár- og Tungnársvæðinu,“ Náttúrufræðistofnun Íslands, Garðabær, 2016.
- [3] Á. Hjartarson, „Viðáttumesta hraun Íslands,“ *Náttúrufræðingurinn*, pp. 37-49, 2011.
- [4] S. Steinþórsson, „Hversu langt rann Þjórsárhraunið og hvernig gat það farið svo langa leið?,“ *Vísindavefurinn*, 22 Júní 2021. [Á neti]. Available: <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=81928>. [Skoðað 18 September 2024].
- [5] Fornleifastofnun Íslands, „Friðlýstar minjar á Suðurlandi: Skráningarátak,“ Fornleifastofnun Íslands, 2015.
- [6] Minjastofnun Íslands, „23. desember - Árnesþingstaður,“ [Á neti]. Available: <https://www.minjastofnun.is/is/frettir/23-desember>. [Skoðað 11 Október 2024].
- [7] H. Þ. Stefánsdóttir, „Árnesþingstaður - Samanburðarrannsókn,“ Háskóli Íslands, 2009.